

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 06.05.2021

Fundur 3-2021

Fundur haldinn í sveitarstjórn Skagabyggðar fimmtudaginn 6. maí 2021 kl. 14:00 í Skagabúð.

Mætt voru: Dagný Rósa Úlfarsdóttir, Karen Helga R. Steinsdóttir, Kristján Steinar Kristjánsson, Magnús Björnsson og Magnús Guðmannsson.

Oddviti setti fund og stjórnaði honum.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2020 - fyrri umræða

2. Bréf

a) Styrkbeiðni frá hestamannafélaginu Snarfara

b) Markaðsstofa Norðurlands

c) SSNV - skipan í innviða- og samgöngunefnd SSNV

d) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

e) Félags- og barnamálaráðuneytið

3. Drög að reglum um snjómokstur á heimreiðum í Skagabyggð

4. Drög að reglum um útfærslu ákvæða byggingarreglugerðar um stöðuleyfi fyrir gáma og annað bráðabirgðahúsnæði

5. Önnur mál

Afgreiðsla:

1. Ársreikningur 2020 - fyrri umræða

Undir þessum lið mætti Davíð Búi Halldórsson á fundinn á Teams. Hann fór yfir ársreikning fyrir 2020. Ársreikningi vísað til seinni umræðu.

2. Bréf:

a) Styrkbeiðni frá hestamannafélaginu Snarfara dags. 6. apríl 2021

Í bréfinu óskar Dagný Þorgeirsdóttir formaður Snarfara eftir stuðningi frá sveitarfélaginu við byggingu reiðgerðis á svæði hestamannafélagsins.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 06.05.2021

Fundur 3-2021

Stuðningurinn fælist í að leggja til 8 rafmagnsstaura. Samþykkt að styrkja hestamannafélagið um 8 staura.

b) Markaðsstofa Norðurlands dags 27. apríl 2021

Í bréfinu er kynnt undirritun SSNV, SSNE og Markaðsstofu Norðurlands á samningi um áfangastaðastofu. Bréfið lagt fram til kynningar.

c) SSNV - skipan í innviða- og samgöngunefnd SSNV dags. 16. apríl 2021

Í bréfinu er óskað eftir tilnefninu á fulltrúa í innviða- og samgöngunefnd SSNV og einn til vara. Dagný Rósa Úlfarsdóttir tilnefnd fyrir hönd Skagabyggðar og Magnús Björnsson til vara.

d) Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, dags. 13. apríl 2021

Í bréfinu eru kynntar aðgerðir ríkisins til að fylgjast með fjármálum sveitarfélaganna og að óskað verði eftir upplýsingum um fjárhagslega stöðu á árinu 2021. Bréfið lagt fram til kynningar.

e) Félags- og barnamálaráðuneytið dags. 27. apríl 2021

Í tölvubréfi frá félags- og barnamálaráðuneytinu kemur fram að Skagabyggð og Skagaströnd fái úthlutað samanlagt 237.700 kr. vegna sérstakra viðbótarverkefna í eldri borgarastarfi í sveitarfélögunum. Bréfið lagt fram til kynningar.

3. Drög að reglum um snjómokstur á heimreiðum í Skagabyggð

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um snjómokstur á heimreiðum í Skagabyggð.

Sveitarstjórn samþykkir eftirfarandi reglu:

Ábúendur lögbýla geta óskað eftir snjómokstri á heimreiðum þá daga sem snjómokstur er og greiðir sveitarfélagið fyrir þrjá mokstra á vetri. Mokað er að bílaplani við íbúðarhús. Sé óskað eftir mokstri að öðru húsi skal sá mokstur greiðast af ábúendum.

Eftirfarandi tekur gildi frá og með haustinu 2021.

Sveitarstjórn Skagabyggðar fundargerð 06.05.2021
Fundur 3-2021

4. Drög að reglum um útfærslu ákvæða byggingarreglugerðar um stöðuleyfi fyrir gáma og annað bráðabirgðahúsnæði

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um útfærslu ákvæða byggingarreglugerðar um stöðuleyfi fyrir gáma og annað bráðabirgðahúsnæði í Skagabyggð. Drögunum vísað til skipulags- og byggingarnefndar til afgreiðslu þar.

5. Önnur mál

-Fundur um landamerkjadeilu mun líklega fara fram í júní.

-Íbúafundur um sameiningarmál fer fram 1. júní kl. 20:00 í Skagabúð

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:40

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

Magnús Björnsson

Karen Helga R Steinsdóttir

Magnús Guðmannsson

Kristján Steinar Kristjánsson